

**Konungsbrjef**  
um lenging alþingistímans.

Nr. 12.  
5. ág.

**Christian hinn Tíundi**, af guðs náð Danmerkur konungur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg.

Vjer viljum hjermeð veita yður sem ráðherra Vorum fyrir Vort land Ísland umboð til þess að samþykkja í Voru nafni, að alþingi það, sem nú stendur yfir, megi setu eiga allt að 2 vikum fram yfir 6 vikna tíma þann, er ákveðinn er með opnu brjefi 20. apríl þ. á.

Gefið á Amaliuborg, 5. ágúst 1914.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.)

*Sig. Eggerz.*

Til herra Sigurðar Eggerz,  
Vors ráðherra fyrir Ísland.

**Auglýsing**

um kirkjugjald í Hofsstaðasókn í Skagafjarðarprófastsdæmi.

Nr. 13.  
16.  
septbr.

Landsstjórnin hefir samkvæmt lögum nr. 40, 30. júlí 1909, um sóknargjöld, ákveðið, að kirkjugjald í Hofsstaðasókn í Skagafjarðarprófastsdæmi skuli frá fardögum 1914 að telja vera 75 aurar á hvern gjaldskyldan safnaðarmann.

Þetta birtist hjermeð.

Í stjórnarráði Íslands, 16. september 1914.

**Sig. Eggerz.**

*Eggert Briem.*